**Brunavarnir Árnessýslu**
**Árvegi 1**
**800 Selfoss**
**4800 900**
**ba@babubabu.is**

16. júlí 2025
----------PP/pp----------

***Staðfesting á heimild Brunavarna Árnessýslu til lántöku samanber lið 8 í fundargerð vorfundar Brunavarna Árnessýslu bs. sem haldin var á Hótel Örk í Hveragerði 28. apríl 2025 kl. 14:00.***

*Liður 8 í fundargerð vorfundar BÁ 2025. Lántaka vegna fjárfestinga ársins 2025.*

*Vorfundur Brunavarna Árnessýslu bs. haldinn í Hveragerði 28. apríl 2025 samþykkir að fela slökkviliðsstjóra og stjórn Brunavarna að vinna að fjármögnun fyrir fjárfestingum ársins 2025 eins og gert er ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun að upphæð 180 milljónum króna. Fjárfestingar ársins samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun eru tankbifreið fyrir stöðina í Þorlákshöfn fyrir 30 milljónir króna og fyrir bíla- og tækjageymslur á Flúðum fyrir 150 milljónir króna. Þegar lánakjör m.m. liggja fyrir verða þau send á aðildarsveitarfélög Brunavarna Árnessýslu til samþykktar. Til máls taka auk formanns Haraldur Þór Jónsson og Árni Eiríksson. Lántaka vegna fjárfestinga ársins 2025 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Beiðni um lántöku verður send aðildarsveitarfélögum til staðfestingar.*

Undirritaðir sveitarstjórar sveitarfélaga í Árnessýslu staðfesta með undirritun sinni á bréfi þessu að veita Pétri Péturssyni, slökkviliðsstjóra Brunavarna Árnessýslu, heimild til lántöku allt að 180 milljóna króna hjá Landsbankanum hf.
Um er að ræða viðskiptasamning um lánalínu milli Landsbankans hf. Sem banka og Brunavarna Árnessýslu sem lántaka.